

Skýrsla um innra mat - fundir skólameistara með nemendahópa í dagskóla sem fram fóru í nóvember 2019.

5. nóvember: Teiknibraut

Of fá sæti í matsal. Tala við Lottu um að grunnskólanemendur borði ekki nesti á kaffitímum dagskólans. **Lotta ætlar að minna sína kennara á.**

Ruslafötur fyrir tissjúppappír sem er það sem þau helst henda. Hentar ekki í pappírsfötur og synd að setja í óflokkað. **Talaði við Gunna. Fá litlar körfur.**

Prentaðstaða nemenda: Of lítil, oft mjög umsetin, litaprentarinn er hægur og tölvan. 180 g pappírinn mætti vera aðgengilegri, ekki bara inni hjá Sigurjóni. Magnað ef það væri útbúin önnur prentaðstaða, t.d. eru til ecotank prentarar sem eru miklu ódýrari í rekstri. **Í samráði við Sigurjón var ákveðið að finna annan stað fyrir skúringavélina, lengja borðið, setja tölvuna upp í hillu þannig að hún taki ekki borðplássið. Þá er hægt að setja aðra tölvu.** Lyklaborðin ógeðsleg. Aldrei þrífín. Mörg biluð, vantar músamottur. (Ekki gagnrýni á Sigurjón sem er mjög hjálplegur). **Gunnar talar við Kris. Setjum þetta inn í þrífaprógrammið.**

Kannski mánaðarlega.

Kennslumat hefur ekki verið gert rafrænt, eingöngu í eikaviðtölum. Það væri gott að fá að tjá sig nafnlaust. **Cindy ætlar að fá Einar til að sýna sér hvernig þetta er gert í innu.**

Vantar töflur upp í tölvuveri um námskeið sem þar eru. **Gerum það.**

Pappírshnífurinn, handfangið er brotið. **Gunnar lagar það.**

8:30 er mjög snemmt fyrir þá sem búa í Mosfellsbæ. Passar illa við strætóferðir. Ein nemandi óskar eftir að fá að hafa púða í skólanum þannig að hann geti lagst á gólfíð og sofið en hann mætir mjög snemma. **Besta mál.**

8. nóvember: Textílblaut

Stinga upp á að við skipuleggjum skiptidaga milli deilda. Mætti vera þannig að nemendur kenni hverjir öðrum. **Ræða á starfsmannafundi/deildarstjórafundi.**

Kennslulýsingar koma oft of seint. Þurfa helst að koma áður en áfangi hefst. **Lilý skoðar.**

Finnst skorta samfellu í námskeið brautarinnar. Alltof oft sem það er klippt á sköpunarferlið þegar farið er úr einum áfanga yfir í annan. Vikukúrsar oft ansi stuttir. Skoða hvernig ferlið er í keramíki þar sem öll önnin miðar að því sama. **Lilý skoðar.**

Útsaumskúrsinn skilaði ekki miklu. **Lilý skoðar.**

Vélprjón þyrfti að koma inn á fyrra ári. Nemendur voru sammála um að það hefði verið betra að kunna grunntækni á prjónavél þegar Christie kom til að geta nýtt námið hjá henni til fulls. Benda á að prjónavara sé einmitt það sem sé framleitt hér á landi og því sé mikilvægt að nemendur séu sterkir í prjóni. **Lilý skoðar.**

Aðstaða var rædd eða skortur á aðstöðu. Sérstaklega var opnunartími skólans þeim hugleikinn. Stinga upp á því að einn umsjónarmaður taki að sér að bera ábyrgð á að ganga frá húsnæði þegar nemendur þurfa að vera lengur. **Ræða á starfsmannafundi/deildarstjórafundi.**

Afsláttur af námskeiðum. Nemendur töldu að sagt hefði verið fengju 50% afslátt af námskeiðum. Ég hélt því fram að það væri bara stundum, helst þegar námskeið er að fara í gang sem er illa bókað á - svona last minute booking. Annars væri 25% afsláttur. **Ræða á starfsmannafundi/deildarstjórafundi.**

Hjólageymsla. Ein lenti í því að dýru reiðhjóli var stolið en það var þó inni í húsinu, læst við brunaslöngu. **Stendur í beinu samhengi við húsnæðisumræðuna stóru.**

11. nóvember: Listnámsbraut, fyrra ár

Stólarnir í fyrirlestrasalnum eru mjög óþægilegir. **Talaði við Gunnar. Við skiptum yfir í þá svörtu.**

Væri gott ef það væri einhverskonar stöðlun á því hvernig verkefnum er skilað. Hver kennari gerir með sínu lagi og stundum er erfitt að komast að því hvert og hvernig á að skila. **Einar skoðar það betur.**

Sekúnduteljarnin í innu er mjög stressandi fyrir kvíðasjúklinga. Spurning hvort hægt sé að losan við hann? Heyrum í innu.

Oddný Sen sýnir bíómyndir sem hefur verið stolið af netinu. Geri ráð fyrir að skýringin liggja í því að hún er ekki lengur í Bíó Paradís. Það er raunin en það er auðvitað ekki gott. Heyri í henni. **Svarið er skýrt, hún er með leyfi fyrir öllu sem hún sýnir.**

Inntökuprófsverkefningin. Spurt hvort búið sé að farga þeim. Langar að fá sín. **Einar** er með þau. Getur hugsanlega gefið þeim einn ákveðinn dag til að nálgast þau.

Kaffivélin niðri er til vandræða. Er alltaf verið að biðja um viðgerð.

Mætti setja upp sjálfsala með einhverju að borða? **Skoða hvað er í boði.**

12. nóvember: Keramikbraut

Sorpmálin, gott að fá áminningu frá skólanum um að flokka. Ég stakk upp á að þau **áminntu sig sjálf**. Nóg væri um tuðið í okkur.

Vilja líka minna á ísskápinn. Þurfum að finna lausn á því. Mætti e.t.v. setja **nemendaráðið** í málið.

Handþurrkur í eldhúsi eru tættar niður. Kannski betra að hafa þær á kefli. **Skoða með Gunna.**

Rætt um tilkynningar vegna heimsóknna og annað. Mætti vera meiri fyrirvari. Kom samt fram að það sé skjal þar sem **allt komi fram**.

Skráning á viðveru of ströng. Slæmt þegar það kemur niður á einkunnum. Ég benti á að það kæmi ekki niður á einkunninni en þetta væru samt upplýsingar sem kæmu fram á skírteini og í innu. Skýrði út af hverju. Þau vilja meina að það sé of harkaleg skráning, ekki sé tekið tillit til þess þegar þau eru að vinna að verkefnum úti í bæ. **Lína hefur þetta í huga** en kannast ekki við þetta.

Vinna nemenda á til að vera slitin í sundur. T.d. var kúrs í gifsnotagerð hjá Jens, síðan langur kúrs í hugmyndavinnu þar sem enginn snerti á efni, svo kom vinna með efni en þá eru allir búnir að gleyma. Eins sé hluti af hugmyndavinnunni fólgin í að vinna með efnið. Þurfa meiri stuðning í gifsinu. Lína hefur þetta í huga næst. Mætti flétta saman hugmyndavinnu og verklega vinnu **2+3 dagar í viku** eða álíka?

Bóksala í skólanum. Vilja frekar láta skólann njóta söluhagnaðar af bókum en bókabúðir.

Ekki pláss að svo stöddu.

Grunnnámskeið á forritapakkan sem við erum að selja þeim. Margir sem ekki kunna á þau. Mætti bjóða upp á **stutt kvöldnámskeið**.

Finnst vanta áfanga í módelmótun. **Lína hefur hugsað um þetta. Mætti setja inn á A-önn.** Vilja fá Rakubrennslu. Ég stakk upp á að þau tækju sig saman og **prófuðu sjálf.** Gætu fengið leiðbeiningar frá Línu.

Rosalega mikil heimavinna. **Lína veit það.**

Skrýtið að það séu ekki til fjöltengi í stofunni. Þurfa alltaf að fá þau lánuð annarsstaðar.

Skýringin er eins og svo oft að þau hverfa. **Komum okkur upp kassa.**

Ljósinn í stofunni ekki góð. **Gunnar og Kris eru að fara að skipta.**

Óska eftir að fá rakatæki til að rykhreinsa loftið í stofunni. Stinga upp á Rainbow ryksugu. **Til skoðunar.**

Opnunartími. Ræddi við þau á svipuðum nótum og við textíl. Sigurjón hefur ekki á móti því að leyfa þeim að vera lengur ef þau taka ábyrgð. **Leysum það þannig.**

Nýju nemendurnir. Hefði mátt taka betur á móti þeim. Kynna skólann betur fyrir þeim. Þurfa mikið að reiða sig á samnemendur. **Góð ábending.** Ræðum þetta á fundi.

Mætti gera meira af því að kynna hlutina, t.d. hefði mátt hafa kynningu á verkfærum í tengslum við mótagerð áður en Jens byrjaði að kenna. **Lína skoðar það.**

Erlendir nemendur. Vantar upp á að kennarar bendi á greinar á ensku um efni sem er til umræðu. Erfitt að fylgja öðrum í heimspekinni. Spurning um að fá **aukatíma** fyrir þau í fyrirbærafræðinni. Eru að gera lokaverkefni en eru stundum ansi týnd.

13. nóvember: Listmálarabraut

Heimspekin.

- Erfitt fyrir lesblinda að einbeita sér þegar ekki er borð. Módelalurinn ekki góður. Reyndar er ekki nein betri stofa þannig að þau sem þurfa borð verða að mæta aðeins fyrir til að setja upp borð.
- Kvartað undan tímasetningu á heimspekinni. Mánudagur eftir hádegi sé erfiður. Niðurstaðan var samt að það sé erfitt að finna tíma sem allir eru ánægðir með.
- Námsefnið er erfitt. Kennarinn er tregur til að gefa glærurnar. Spurning hvort hægt væri að tengja námið betur við listina og listaverk. Einnig væri gott að fá orðalista.

Ræddi við kennarann sem tekur undir þetta með stofuna. Hann ætlar að taka nemendur sem ekki tala íslensku í sérstakan tíma. Glærur geta hjálpað en koma ekki í stað námsefnisins.

Kvartað undan verkefnaálagi. Niðurstaðan var samt sú að allir ættu að geta búið sig undir álagstíma. Skipulag er það sem blífur hjá hverjum og einum.

Tölvur nemenda sem eru með það kerfi ráða ekki við adobe pakkann. **Vandamál sem við leysum ekki.** Hefur að gera með að apple er með nýtt stýrikerfi sem virkar ekki með fjölmörgum forritum.

Kennslumat. Betra að fá einn áfanga í einu til að geta metið kennarana hvern um sig. **Ransu kíkir á það.**

14. nóvember: Fornám

Loftgæði í stofum misjöfn og sumstaðar afleit. **Illmögulegt** að bregðast hratt við því.

Erfitt hvað það er oft stokkað upp í hópnum. „Maður er kannski rétt búinn að koma sér upp aðstöðu þegar maður er látinn taka allt saman og flytja.” Rætt um kosti og galla á því kerfi og sömuleiðis það að til þess að hægt sé að þrifa stendur í beinum tengslum við loftgæði. **Einar veit af þessu** en hann hefur reynt af því að gera þetta alveg öfugt og það var ekki mjög mikil ánægja með það.

Gaman að konunni sem kemur á miðvikudögum ;) **Anna kynnir sig betur.**

Kennslan og kennarar og Einar til fyrirmyndar. Þó hefur skipulag í ljósmyndun ekki verið nógu gott. **Bætum úr þessu.**

Aðstaða:

Myrakraherbergi, þarf að yfirfara stækkara. Sumir eru t.d. með óhefðbundna kló og þá er ekki hægt að setja í samband.

Borð í tölvustofu erfið, hjólin bremsulaus. Vantar músarmottur. Var komið fram hjá öðrum nemendahópi og **Sigurjón ætlar að bregðast við því.**

Nemendaráð - aldrei búið að setja það í gang. **Misskilningur sem nú er búið að greiða úr.** Rætt um víðtækari afslátt gegn framvísun nemendaskírteinis og jólabasar sem eru verkefni sem ættu að vera í höndum nemendaráðs.

19. nóvember: Listnámsbraut, síðara ár

Sakna sófans í matsalnum. Bent var á að það hefur fjölgað mjög borðum þar sem nemendur hafa kvartað undan plássleysi. **Gunnar skoðar málið.**

Gott að taka bóklega áfanga í lotu. Sakna þess að það sé ekki alltaf þannig. Var gert í skapandi skrifum og stærðfræði sem eru áfangar sem ekki þarf að lesa mikið fyrir heima.

Flóknara að taka áfanga sem byggjast á miklum lestri, t.d. íslenskuáföngum á 2. og 3. önn og listasögu í lotu en **Einar skoðar þetta** samt.

Vilja fá stuttan áfanga í notkun smíðaverkstæðis til að geta sjálf farið inn og unnið. Væri gaman að geta orðið við þessu en þar sem verkstæðið er mjög lítið og það er vinnusvæði Gunnars og Kris er þetta **ekki hægt.**

Vildu gjarnan fá meira feedback á verkin sín. Þau **eru að fara í möppugerð** á næstu dögum og þá fá þau einkaviðtal við kennara sem mun gefa þeim meira feedback. Einar benti samt á að **besta leiðin væri að mæta betur í skólann.**

Vantar verkfæri í skúffur í miðrymi á 3. hæð og t.d. blöð í stingsagir sem þar eru. **Einar skoðar þetta.**

Í framhaldi var haldinn minni fundur þar sem tveir nemendurildu gjarnan tala um verkefnaskil, námsmat og kennslu á morgnana en þeir fáu sem mæta á réttum tíma hefðu oft betur sleppt því vegna þess að kennarar bíða eftir að fleiri mæti. Eins eru kennarar mjög fljótir að veita lengri skilafrest sem hafi þau áhrif að letja þá sem annars skila á réttum tíma. Eins virðist það ekki skaða einkunnir þeirra sem lítið mæta. Veltum fyrir okkur að halda hópfund með nemendum, eina ferðina enn. Einnig þarf að minna kennarar á og ítreka fyrir þeim að við erum að reyna að velta ábyrgðinni frekar yfir á nemandann og ættum t.d. að hefja kennslu þegar tími hefst, fyrir þá sem þá eru mættir. **Hugsum þetta mál betur.**

20. nóvember: Myndlistarbraut

Einn nemandi hefur mikinn áhuga á að fara til útlanda á síðasta árinu í skólanum. T.d. væri gaman að fara til Grikklands og skoða listaverk. Einnig kæmi til greina að fara til Vestmannaeyja. **Skoðum það hvort við getum farið í dagsferð innanlands í vor.**

Þau eru flest ánægð með stofuna og aðstöðuna en þó mætti stundum vera meira pláss, t.d. núna þegar þau eru að vinna þrívíð verk. Þau voru í móðelsalnum í módelteikningu en nú er barnadeildin með hann í notkun. **Skoðum það á vorönn, t.d. þegar þau eru í lokaáfanganum.**